



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**Vatnsbúskapur Sigölduvirkjunar árin
1978-1995**


Hluti A: Greinargerð

Ásgeir Sigurðsson, Sigfinnur Snorrason,
Svanur Pálsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-96045/VOD-05

Desember 1997



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 741840

**Vatnsbúskapur Sigölduvirkjunar árin
1978-1995**

Hluti A: Greinargerð

Ásgeir Sigurðsson, Sigfinnur Snorrason,

Svanur Pálsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-96045/VOD-05

Desember 1997

ISBN 9979-827-77-7

SIGÖLDUVIRKJUN – vhm954 Helstu einkennisþættir

- Virkjun

Tekin í notkun: Fyrsta vél 1977.04.07, sams konar vélum bætt við
1977.12.14 og í desember 1978
Vélar: Þrjár Francis vélar með lóðréttum ás.
Ástimplað afl rafala: 3 x 50 MW. Snúningshraði: 200 sn/mín
Fallhæð: Um 74 m

- Virkjuð vatnsföll

1) Nafn: Tungnaá
Tegund: Lindá, jökulá, dragá
2) Nafn: Vatnsfellsveita
Tegund: Úr miðluðu stöðuvatni (Þórisvatni)
Vatnasvið: 3415 km², stækkað í áföngum úr 2880 km²
síðan árið 1980 með tilkomu Kvíslaveitu

- Vatnshæðarmælar

Framhjárennsli: Síriti í gamla Tungnaárfarvegi, LV-154
Fyrir virkjun rennslisstöð vhm154 í Tungnaá, síriti, frá 1968
Vatnshæð í lóni: Síriti í Krókslóni, LV-854
Vatnshæð er hér í m y.s.

- Einstakir rafstöðvarþættir

Framhjárennsli, mælt við LV-154
Notað vatn, fundið út frá raforkuframleiðslu
Vatnshæð í inntakslóni er mæld við LV-854
Forði inntakslóns, fundinn út frá vatnshæð í inntakslóni
Útrennsli = framhjárennsli + notað vatn
Innrennsli = útrennsli + aukning í forða inntakslóns

- Meðaltöl rennslisþátta

	1978-94		1981-90	
	m ³ /s	Gl/ári	m ³ /s	Gl/ári
Framhjárennsli	27,61	871,195	25,33	799,278
Notað vata	100,91	3184,249	99,23	3131,040
Útrennsli	128,51	4055,443	124,56	3930,318
Innrennsli	128,67	4060,451	124,64	3932,912
Lónhæð	494,37	m y.s.	494,36	m y.s.
Forði	147,018	Gl	146,584	Gl

ABSTRACT

This report is a collection and presentation of data on the water budget of the hydro-power station Sigölduvirkjun, Southern Iceland, during the period 1978-1995. Landsvirkjun, The National Power Company, as the owner of the power plant takes care of the gauges measuring the water level in the intake reservoir and the excess flow and is in charge of keeping records on water utilization. They have made an agreement with the Hydrological Survey of Orkustofnun, National Energy Authority, to process the data, store them in a database and publish them.

The report consists of two parts. **Part A** is a general summary report describing the conditions at the power station, the history of water gauging as well as the factors pertaining to the acquisition and processing of relevant data. This part of the report contains two appendices, the first with tables of the stage-storage relations, and the second with monthly and yearly values for water level, storage and discharge components for the power plant. The discharge is given as an accumulated as well as an average value. Data on maximum and minimum inflow to the reservoir are also presented.

Part B starts with the same tables of data as in appendix 2 of part A, but primarily contains a collection of tables and graphs presenting daily values for each hydrological component together with monthly and yearly values.

Parts A and B include graphs of temperature and precipitation based on data from the Icelandic Meteorological Office.

The power station utilizes a 74 m head and has an installed capacity of 150 MW. The harnessed river, Tungnaá, is a spring-fed, glacier and direct runoff river. In addition water is used from the regulated lake Þórisvatn, which is the main water storage for the power stations in Tungnaá and Þjórsá.

All calculations of the hydrological components belonging to this station (vhm954) are based on the records from the gauging stations in the intake reservoir and the old riverbed (excess flow) and on the production of the turbines. The size of the drainage area is 3415 km². Since 1980 it has been increased in stages from 2880 km² by addition the regulated Kvíslaveita diversion to the Þórisvatn reservoir.

The data processing is carried out on a computer at Orkustofnun with a suite of programs specifically written for this purpose. Basically six hydrological components are computed, the first three derived from the primary data, but the other three are calculated from the first three provided that the stage-storage relation for the reservoir is available. A summary of station and hydrological characteristics is on the back side of the title page, and an English version of it is overleaf.

All hydrological data are available in digital form.

SIGÖLDUVIRKJUN Hydro Power Station – vhm954

Main station and hydrological characteristics

• Power plant

Operation started: 1977.04.07 with 1 turbine installed, a second turbine added 1977.12.14 and a third in December 1978

Turbines: Three Francis turbines with vertical axis

Total installed capacity of generators:
3 x 50 MW. Rotation speed: 200 rpm

Utilized head: Approx. 74 m

• Harnessed rivers

1) Name: Tungnaá
Type: Spring fed, glacier and direct runoff

2) Name: Vatnsfellsveita
Type: From a regulated lake (Þórisvatn)

Drainage area:
3415 km² autumn 1996, increased from 2880 km² in stages since 1980, by the addition of Kvíslaveita

• Gauging stations

Excess flow: Continuous gauging station in the old Tungnaá riverbed, LV-154
Prior to power station, continuous gauging station in Tungnaá vhm154, since 1968

Water level in intake reservoir:
Continuous gauging station in Krókslón, LV-854
Water level is in m a.s.l

• Hydrological components

Excess flow, measured at LV-154
Utilized flow, derived from energy production
Water level in intake reservoir measured at LV-854
Intake reservoir storage, derived from water level in intake reservoir
Outflow = excess flow + utilized flow
Inflow = outflow + change in intake reservoir storage

• Means of hydrological components

	1978-94		1981-90	
	m ³ /s	Gl/year	m ³ /s	Gl/year
Excess flow	27.61	871.195	25.33	799.278
Utilized flow	100.91	3184.249	99.23	3131.040
Outflow	128.51	4055.443	124.56	3930.318
Inflow	128.67	4060.451	124.64	3932.912
Water level	494.37	m a.s.l.	494.36	m a.s.l
Storage	147.018	Gl	146.584	Gl

EFNISYFIRLIT

SIGÖLDUVIRKJUN – vhm954	
Helstu einkennisþættir	2
ABSTRACT	3
SIGÖLDUVIRKJUN Hydro Power Station – vhm954	
Main station and hydrological characteristics	4
1. INNGANGUR	7
2. AÐSTÆÐUR VIÐ SIGÖLDUVIRKJUN	8
3. NÚMERAKEFPI OG STÖÐVARPÆTTIR FYRR OG NÚ, FERLI GAGNAVINNSLU	11
4. FORÐA- OG RENNSLISLYKLAR	13
5. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR	13
6. NIÐURSTÖÐUR	13
VIÐAUKI 1: Forða- og rennslislyklar Sigölduvirkjunar	19
VIÐAUKI 2: Árstöflur með mánaðargildum einstakra rafstöðvarþátta	31

M Y N D A S K R Á

1. Yfirlitskort af virkjunarsvæði Þjórsár og Tungnaár	8
2. Vatnasvið Þjórsár/Tungnaár ofan Búrfellsvirkjunar og staðsetning mæla í kerfi Vatnamælinga	9
3. Mannvirki og mælar við Sigölduvirkjun	10
4. Ársmeðaltöl framhjárennslis, notaðs vatns og útrennslis 1978-1995	15
5. Mánaðarmeðaltöl framhjárennslis, notaðs vatns og útrennslis 1978-1995	16
6. Meðalhiti og úrkoma á Hæli og innrennslis til virkjunarinnar 1978-1995	17



1. INNGANGUR

Vatnamælingar Orkustofnunar (OS-VM) og Landsvirkjun (LV) fylgjast í sameiningu með vatnsbúskap virkjana og vatnsmiðlana, sem Landsvirkjun nýtir. Starfsmenn Landsvirkjunar annast vatnshæðarmælana og færa skýrslur um vatnsnotkun, en Vatnamælingar Orkustofnunar vinna síðan frekar úr gögnunum, varðveita þau í gagnabanka og gefa út eftir atvikum. Í þessari skýrslu eru birt gögn frá Sigölduvirkjun í Tungnaá á árunum 1978-1995, en virkjunin tók til starfa 7. apríl 1977. Upphaflega var ein 50 MW vél gangsett, en í árslok 1977 var önnur jafnstór vél gangsett og í árslok 1978 var sú þriðja og síðasta tekin í gagnið. Eldri skýrslur Vatnamælinga fyrir Sigölduvirkjun voru útgefnar undir númerinu vhm154. Í þeim var reiknað með heildarforða í Krókslóni og Þórisvatni.

Skýrslan skiptist í tvo hluta, sem nefndir eru *Hluti A* og *Hluti B*.

Hluti A er skýrsla á hinu venjulega formi skýrslna Orkustofnunar. Fremst er yfirlit yfir helstu einkenniþætti virkjunarinnar. Síðan kemur ágríp á ensku ásamt enskri þýðingu á yfirlitinu. Þar á eftir kemur meginhluti skýrslunnar, þar sem gerð er grein fyrir aðstæðum við virkjunina, mælingum, ferli gagnavinnslu, fjallað um niðurstöður og minnst á örfá atriði, sem hafa þarf í huga til að tryggja, að gögn verði sem nákvæmust í framtíðinni. Þá eru niðurstöður einstakra stöðvarþátta settar fram yfir allt tímabilið á myndrænu formi. Stöð er í þessu samhengi virkjun, miðlun eða veita með sínu vhm-númeri í stöðvanúmerakerfi Vatnamælinga, og með stöðvarþætti er þá átt við hverja þá dagsgildaröð, mælda eða reiknaða, sem tengist formlega þessu númeri í gagnabanka Vatnamælinga. Í þessum hluta skýrslunnar eru tveir viðaukar. Í viðauka 1 eru þeir forða- og rennslislyklar, sem í gildi eru, og í viðauka 2 eru töflur með mánaðar- og árgildum einstakra stöðvarþátta virkjunarinnar fyrir hvert ár um sig.


Hluti B er á lausblaðaformi. Meginhluti hans er töflur með dagsgildum allra stöðvarþáttanna sex og línurit að mestu byggð á þeim sömu dagsgildum. Þar eru einnig töflurnar úr A-hlutanum með mánaðar- og árgildum einstakra stöðvarþátta. B-hluti skýrslunnar er gefinn út í mjög litlu upplagi og er einungis ætlaður þeim, sem þurfa að skoða gögnin nánar en unnt er í A-hlutanum. Gert er ráð fyrir því, að flestum lesendum nægi A-hlutinn.

Bæði í A- og B-hluta koma fyrir línurit yfir veðurþætti. Er þar byggt á gögnum frá Veðurstofu Íslands.

Skýrslan er tekin saman af Ásgeiri Sigurðssyni, Sigfinni Snorrasynti og Svani Pálssyni, Orkustofnun, í nánu samstarfi við Hannes Haraldsson, Landsvirkjun. Áður höfðu ýmsir starfsmenn Vatnamælinga lagt hönd á plóginn við vinnslu og innslátt frumgagna. Þá er skylt að geta þess að Árni Snorrason, Kristinn Einarsson, Páll Ingólfsson og Tómas Jóhannesson hafa gefið fjölmargar ábendingar varðandi almenn atriði í skýrslum á borð við þessa.

2. AÐSTÆÐUR VIÐ SIGÖLDUVIRKJUN

Virkjunin er í Tungnaá, sjá myndir 1 og 2. Þegar virkjunin var byggð, var gerð stífla í ánni ofan við Sigöldugljúfur og varð þá til inntakslón á svæði, sem áður var nefnt Tungnaárkrókur og nýtir virkjunin um 73 m fall úr lóninu sem hlaut nafnið Krókslón, sjá mynd 3. Yfirfallsbrún er í 498 m y.s.




Mynd 1. Yfirlitskort af virkjanasvæði Þjórsár og Tungnaár

Fyrsta vél Sigölduvirkjunar var tekin í notkun 7. apríl árið 1977, önnur vélin var gangsett 14. desember sama ár og sú þriðja í desember 1978. Allar vélarnar eru 50 MW, þannig að heildarafi rafala er 150 MW.

Sjálfsgagt mun að telja Tungnaá fyrst og fremst lindá, svo þótt bæði jökul- og dragaréinkenni séu áberandi. En auk hennar kemur í Krókslón vatn sem veitt er úr Þórisvatni um Vatnsfellsveitu. Hún var tekin í notkun 1. desember 1971 og þá til þess að auka rekstraröryggi Búrfellsvirkjunar. Köldukvísl var veitt í Þórisvatn og útrennslið úr vatninu til Köldukvíslar um Þórisós stíflað. Þau mannvirki voru tekin í notkun 15. ágúst 1972. Vatnasvið virkjunarinnar er 3415 km², en það stækkaði úr 2880 km² í áföngum frá 1980 til 1985 með tilkomu Kvíslaveitu.


Þær mælingar sem notaðar eru til að skilgreina rennsli virkjunarinnar eru: Mælir LV-154, sifri sem skráir framhjärennsli ásamt leka úr Krókslóni, mælir LV-854 sifri sem skráir vatnshæð í Krókslóni og mælir LV-954 sem skráir raforkuframleiðslu. Henni er síðan breytt í vatn með hjálp lykils sem byggir á kvörðun á vatnspörf vélanna.



VOD-VM-640921 KE / SV
19960731

0 20 km

Mynd 2. Vatnasvið Þjórsár/Tungnaár ofan Búrfellsvirkjunar (strangt tiltekið ofan Tröllkonu-
hlaups). Sýnd er staðsetning mæla í stöðvakerfi Vatnamælinga og vhm-númer þeirra. Þá sýna
dekkri strikin vatnaskil upp af hinum ýmsu rennslismælistöðvum á ofangreindu vatnasviði.
Þessir hlutir eru samkvæmt gögnum í Landfræðilegu upplýsingakerfi (LUK) Vatnamælinga
Orkustofnunar. Vatnagrunnurinn (prentaður nokkru daufar) er samkvæmt Landfræðilegu upp-
lýsingakerfi Landmælinga Íslands.



Mynd 3. Mannvirki og mælar við Sigölduvirkjun.

Við fyrri útgáfu voru gögnin gefin út sem rafstöðin vhm154, en notaður var heildarforði Krókslóns og Þórisvatns. Nú er aðeins reiknað með forða Krókslóns og inn- og útrennsli þess er reiknað út. Vegna þess hve Þórisvatn er stór vatnsgeymir, sem hefur mjög mikil áhrif á vatnafar við Sigölduvirkjun, þá er ekki hægt að líta á þessar reiknuðu rennslisráðir sem náttúrulegt rennsli. Af þeim sökum er heldur ekki rétt að reikna afrennsli af vatnasviðinu ofan Krókslóns, nema hugsanlega fyrir mjög langan tíma, eins og t.d. ár.

Fyrir tíma virkjunarinnar starfræktu Vatnamælingar sfríta vhm154 í Tungnaá. Þessi mælistöð gekk að minnsta kosti frá 1968 til 1972, en ekki hefur verið unnið úr þessum gögnum og eru þau því ekki tekin með í skýrslunni.

Auk þeirra vatnshæðarmæla sem hér er fjallað um rekur LV sfrítandi mæla á svæðinu, m.a. til að fylgjast með leka úr Krókslóni.

3. NÚMERAKERFI OG STÖÐVARÞÆTTIR FYRR OG NÚ, FERLI GAGNAVINNSLU

Hér verður fyrst farið nokkrum orðum um stöðvanúmerakerfi Vatnamælinga fyrr og nú. Jafnframt er fjallað lítils háttar um stöðvarþætti almennt hjá virkjunum, miðlunum og veitum. Síðan er í meginatriðum gerð grein fyrir úrvinnsluferli gagna í tölvu.

Númerakerfi mælistöðva Vatnamælinga hefur frá upphafi byggst á hlaupandi númeraröð. Hafa númerin verið rituð sem "vhm " + tala eða "vhm" + 3 tölustafir, t.d. vhm 954 eða vhm954, en síðari rithátturinn má teljast föst regla í seinni tíð. Lengst af var litið svo á, að í aðalatriðum væri um þrenns konar stöðvar að ræða, þ.e. rennslisstöðvar, vatnsborðsstöðvar og rafstöðvar. Hjá tveim þeim fyrstnefndu var aðeins mældur einn mæliþáttur, hjá rafstöðvunum allt að þrjár, nefnilega framhjärennsli, notað vatn og vatnshæð í lóni. Auk þess voru vissir þættir reiknaðir út frá þessum grunnþáttum, þannig að í gagnabankanum tilheyrðu formlega 7 þættir hverri stöð (nú aðeins 6). Talað var um "gervirafstöðvar", ef um var að ræða miðlun án raforkuframleiðslu, þ.e. notað vatn var ekkert eða látið tákna einhverskonar "aukaframhjärennsli". Þá var ekki alltaf einkvæmt samband milli númers og stöðvar, því fyrir kom að sama númer vísaði bæði til rennslis- og vatnsborðsstöðvar eða bæði til rennslisstöðvar og rafstöðvar. Venjulega hélt stöð númeri sínu eftir tilfærslu á nýjan stað við sama vatnsfall, ef hún taldist mæla svipað vatn og áður. Nú stendur yfir næsta grundvallarleg endurskipulagning á gagnabanka og úrvinnsluferfi Vatnamælinga, þar sem almennt er lögð mikil áhersla á einkvæmni. Hvað mælistöðvakerfið varðar er nú (1996) nýi gagnagrunnurinn frágenginn og þó að honum verði hér ekki lýst að öðru leyti er nauðsynlegt að geta atriðis sem beinlínis varðar númerakerfið sem slíkt. Hverri rennslis- eða vatnshæðarmælistað tengjast tvö númer. Fyrri númerið, svokallað vhm-númer, svarar nokkurn veginn til þess sem hér hefur verið nefnt stöðvarnúmer og getur átt við fleiri en einn mælistað. Það síðara, staðarnúmerið, er einkvæmt númer á fastnegldum landfræðilegum mælistað. Þannig er nú t.d. núverandi vatnshæðarmælir (rennslisstöð) í Þjórsá við Sandafell einkenndur með 97/297, rennslismælingakláfurinn nokkru neðar, sem telst mæla sama vatn, með 97/50097 og gamli mælirinn niður við Tröllkonuhlaup, sem taldist mæla sambærilegt vatn, með 97/97.

Í stað rafstöðva tölum við nú fremur um virkjanir, miðlanir og veitur. Ef til vill má kalla slíkar stöðvar "þáttastöðvar" til aðgreiningar frá þeim stöðvum, sem aðeins mæla einn vatnafarsþátt á einum stað. Alla vega er nú komist svo að orði, að hjá þessum stöðvum séu nú tölvuskráðir sex stöðvarþættir. Þrjár þeir fyrst töldu hér á eftir teljast frumþættir í þeim skilningi, að þeir koma sem inntaksgögn við staðaltölvuvinnslu á þáttastöðvum hjá Vatnamælingum, eru sem sagt "mældir" beint eða óbeint. Forvinnsla á hreinum mæligögnum fer ýmist fram hjá rafstöðvum eða Vatnamælingum. Þrjár síðartöldu þættirnir eru aftur á móti "reiknaðir" þættir, í staðalvinnslunni eru þeir leiddir af frumþáttunum á einfaldan, fastan hátt. Þættirnir eru:

Framhjärennslí

Notað vatn

Vatnshæð í lóni

Forði í lóni, svarandi til vatnshæðar skv. forðalykli

Útrennsli = Framhjärennslí + Notað vatn

Innrennsli = Útrennsli + Aukning forða í lóni

Reyndar er möguleiki, að forðinn hafi verið fundinn áður en að staðalvinnslu kemur, heyrir hann þá líka til inntaksgagna.

Áður fyrr var einnig sjöundi stöðvarþátturinn, heildarforði, hafður með. Þar var átt við samantlagðan forða allra miðlunarlóna á vatnasviði virkjunarinnar, ekki bara forða næsta lóns fyrir ofan, sem þá var oftast nefnt inntakslón, nú frekar aðeins lón. Þegar það var eina miðlunarlónið var heildarforði að sjálfsögðu jafn forða í lóni. Þá gildi líka sambandið

Innrennsli = Útrennsli + Aukning heildarforða

Vegna breyttrar skilgreiningar á innrennsli getur komið fyrir, að innrennsli í skýrslum þeim, sem nú eru að koma út, verði allt annað en í eldri skýrslum. Annars fer jafnan fram endurskoðun á frumgögnum í tengslum við nýju útgáfuna, svo að alltaf má búast við einhverju misræmi miðað við eldri tölur, það ætti þó yfirleitt að verða minni háttar, þegar til lengri tíma er litið.

Þess má láta getið að fyrrum kom fyrir, að aðeins var tölvuskráður forði/heildarforði, en ekki vatnshæð (inntaks-) lóns.

Nú köllum við *miðlun* það sem áður var nefnt gervirafstöð, og *veita* heitir þegar vatnsfall greinist án þess að þar sé um miðlunarlón að ræða.

Þar sem vafi getur leikið á hvort orðin "miðlun" og "veita" séu notuð í ofangreindri merkingu, má í þeirra stað nota orðin *miðlunarstöð* og *veitustöð*. Einnig má oft líta á orðin *virkjun*, *virkjunarstöð* og *rafstöð* sem samheiti á þáttastöðvum, þar sem rafmagn er framleitt.

Í gagnabanka Vatnamælinga er eins og er, hjá stöðvum öðrum en rennslisstöðvum, einni eða tveim tölum bætt framan við þriggja stafa stöðvarnúmerið til að aðgreina stöðvategundir og stöðvarþætti. Vatnsborðsstöðvar eru með fjögurra stafa númer, þar sem "1" kemur á undan gamla stöðvarnúmerinu. Hjá þáttastöðvunum er þetta þannig, ef dæmi er tekið af vhm954, Sigölduvirkjun: Framhjärennslí skráist á 2954, notað vatn á 3954, vatnshæð í lóni á 4954, forði í lóni á 5954, útrennsli á 77954, innrennsli á 7954. Í framtidarkerfi verður önnur aðferð notuð til aðgreiningar, þó að gömlu grunnúmerin verði yfirleitt látin halda sér, og þar mega (grunn-)númer líka verða lengri en þriggja stafa.

Þegar mælisnúmer er gefið á forminu LV-*nnn* merkir það að mælirinn hafi númerið *nnn* í mælarkerfi Landsvirkjunar. Slík númer vísa reyndar ekki endilega til eins ákveðins mælis, heldur til tímaráðar einhvers vatnafarsþáttar á tilkveðnum stað, í líkum skilningi og hjá stöðvarþáttanúmerum Vatnamælinga.

Frumgögn Sigölduvirkjunar fyrir ár hvert berast Vatnamælingum yfir gagnanet sem tölvuskrár úr síritum Landsvirkjunar. Það eru dagleg gildi á vatnshæð í inntakslóninu í metrum yfir sjó, framhjärennslí og notað vatn í m³/s eða sem Gl/d og hefur því viðeigandi lykllum verið beitt til að breyta raforkuframleiðslunni í vatn áður en gögnin koma til Vatnamælinga.

Um tölvuskráninguna, úrvinnsluna og gagnageymsluna skal aðeins farið fáum orðum enda breytingum og byltingum undirorpin. Eins og er, eru notuð fjölmörg forrit, sem skrifuð hafa verið á Vatnamælingum, flest af Ásgeiri Sigurðssyni. Flestum þessara forrita er beitt við fleiri en eina þáttastöð, mörgum við þær allar. Gögnin eru fyrst sótt yfir á tölvu Landsvirkjunar, sem dagsgildi. Þegar árið er tilbúið eru forði, innrennsli og útrennsli reiknuð.

Stöðvarþættirnir sem hér eru birtir sem gröf og töflur eru, framhjárennsli, notað vatn, vatnshæð í lóni, forði í lóni, útrennsli og innrennsli.

Allir stöðvarþættirnir eru aðgengilegir sem tölvutæk gögn. Gögn fyrir ákveðinn þátt og árábil fara þá í textaskrá (ASCII) sem runa af dagsgildum, sem notandi getur fengið á disklingi eða yfir gagnanet.

4. FORÐA- OG RENNSLISLYKLAR

Fyrir vikjun var rennslisstöð vhm154 í gamla Tungnaárfarvegi.

Forðalykill var gerður fyrir Krókslón með gildistöku 30. nóvember 1977.

Gerður var lykill fyrir samband milli raforkuframleiðslu og vatnsnotkunar og er hann notaður til að breyta mældri raforkuframleiðslu yfir í Gl af notuðu vatni. Vatnamælingar hafa ekki þennan lykil undir höndum.

Rennslislykill var gerður fyrir mæli LV-154, byggður á rennslismælingum við mismunandi vatnshæðir. Vatnamælingar hafa ekki þennan lykil undir höndum.

Fyrirliggjandi lykjar eru birtir í viðauka 1.

5. TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR

Ástand núverandi mælikerfis við Sigölduvirkjun er ágætt.

Staðfesta ætti mælingar á notuðu vatni með straumsjármælingum.

Að þessu slepptu þarf að veita vatnshæðarmælunum venjubundið viðhald og tryggja sem best, að reksturinn gangi hnökralaust eins og verið hefur.

6. NIÐURSTÖÐUR

Í skýrslunni eru birt gögn um vatnsbúskap Sigölduvirkjunar á árunum 1978-1995, framhjárennsli, notað vatn, vatnshæð í lóni, lónforða, útrennsli úr lóni og innrennsli í það. Ársmeðaltöl framhjárennslis, notaðs vatns og útrennslis eru sýnd á mynd 4 fyrir tímabilið í heild. Á sama hátt eru mánaðarmeðaltöl gefin á mynd 5. Þessar langtíamamyndir auðvelda samanburð milli ára. Greinilega kemur fram á myndunum, að miklu vatni hefur verið hleypt í gegn um Sigöldu frá 1986. Notað vatn var í hámarki 1988 til 1990, en framhjárennsli var mest 1987 og 1992. Af mánaðarmeðaltölunum má ráða að virkjunin framleiðir venjulega minnst á sumrin og er þá gjarnan toppur í framhjárennslinu. Það er einnig ljóst að eftir 1988 er virkjunin keyrð með reglulegri hætti en áður var. Sumarið 1987 var virkjunin keyrð mjög lítið í júlí og ágúst.

Til enn frekari glöggvunar á vatnsbúskap virkjunarinnar var gerð mynd 6, sem sýnir meðalhita og meðalúrkomu á Hæli í Hreppum, byggt á gögnum frá Veðurstofu Íslands, ásamt innrennsli í inntakslón virkjunarinnar, bæði árs- og mánaðargildi. Ekki var tekið tillit til minna vatnasviðs árin 1978 til 1985, við gerð myndanna.

Af myndunum má ráða, að veðurfarið hefur lítil áhrif á vatnsbúskap inntakslónsins, og er því greinilegt að miðlunin úr Þórisvatni er vel heppnuð. Stækkun vatnasviðsins í áföngum á árunum frá 1980 til 1985 hefur heldur ekki merkjanleg áhrif á innrennsli til Krókslóns.


Í viðauka 2 í þessum A-hluta skýrslunnar eru töflur á tveim blöðum fyrir hvert ár. Þar eru fyrst og fremst mánaðar- og árgildi, bæði heildarrennsli í Gl (miljónum m^3) og meðalrennsli í m^3/s og hvað vatnshæð og forða varðar staðan í lok mánaðar, mesta og minnsta innrennsli hvers mánaðar á föstu 5 daga tímabili (pentöðu) og einnig mesta dagsrennsli mánaðarins. Í stuttum smáleturstextum með töflunum eru land- og vatnafræðilegar upplýsingar og lítillega gerð grein fyrir því hvernig einstakir þættir eru fundnir.

Þessar töflur eru einnig í hinum hluta skýrslunnar, B-hlutanum, sem er á lausblaðaformi. Að auki eru þar töflur með dagsgildum fyrir hvern stöðvarþátt ásamt mánaðar- og árgildum. Fyrir rennsliþættina eru töflur með daglegu rennsli í Gl/d og heildarrennsli mánaða og árs í Gl og töflur með öll gildi í m^3/s . Stuttir smáleturstextar eru með töflunum. Þar eru land- og vatnafræðilegar upplýsingar og aðeins gerð grein fyrir, hvernig einstakir þættir eru fundnir. Einnig eru örfá sagnfræðileg atriði um mælistöðina. Nauðsynlegustu athugasemdum, sem eiga sérstaklega við árið sem um er að ræða, er komið að.


Fyrir hvert ár eru tvær myndasíður. Á þeirri fyrri er þreföld mynd sem sýnir alla þættina nema vatnsborðið, rennslið er í Gl/d og forðann í Gl. Þar er einnig mynd sem sýnir veðurfar á Hæli í Hreppum og enn ein sýnir innrennsli til inntakslóns virkjunarinnar sem afrennsli af vatnasviði hennar í mm/d. Á síðari síðunni er mynd fyrir hvern rennsliþátt í m^3/s . Inn- og útrennsli er að venju miðað við inntakslónið.

Vatnshæðarmælingarnar eru heillegar með aðeins örfáum stuttum hléum og er vatnshæð áætluð þau tímabil. Nokkrum sinnum var lónhæð áætluð vegna vindáhrifa.


Gögn tímabilsins í heild teljast heilleg og áreiðanleg.



Mynd 4. Ársmeðaltöl framhjärennslis, notaðs vatns og útrennslis 1978-1995.
Vatnasvið var stækkað úr 2880 km² í 3415 km² í áföngum síðan árið 1980.



Mynd 5. Mánaðarmeðaltöl framhjärennslis, notaðs vatns og útrensllis 1978-1995. Vatnasvið var stækkað úr 2880 km² í 3415 km² í áföngum síðan árið 1980.




Mynd 6. Meðalhiti og úrkoma á Hæli í Hreppum og innrennsli í inntakslónið 1978-1995, árs- og mánaðargildi. Vatnasvið var stækkað úr 2880 km² í 3415 km² í áföngum síðan árið 1980.



VIÐAUKI 1

Forða- og rennslislyklar Sigölduvirkjunar



RAFORKUMÁLASTJÓRI
VATNAMÆLINGAR

Tungmaá Sigöldu.

Vhm. 154

Gildir frá : 14.11.68

Rennslí í K/L/S.

15.2.71.EE.

	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9
100										
110										
120										
130	25.5	26.1	26.7	27.4	28.0	28.6	29.2	29.8	30.5	31.1
140	31.7	32.4	33.1	33.8	34.5	35.2	35.8	36.5	37.2	37.9
150	38.6	39.4	40.2	41.0	41.8	42.6	43.3	44.1	44.9	45.7
160	46.5	47.4	48.3	49.2	50.1	51.0	51.8	52.7	53.6	54.5
170	55.4	56.4	57.4	58.4	59.4	60.4	61.3	62.3	63.3	64.3
180	65.3	66.4	67.5	68.6	69.7	70.8	72.0	73.1	74.2	75.3
190	76.4	77.6	78.8	80.0	81.2	82.4	83.7	84.9	86.1	87.3
200	88.5	89.1	91.1	92.4	93.7	95.0	96.4	97.7	99.0	100
210	102	103	104	106	107	109	110	112	113	115
220	116	118	119	121	122	124	126	127	129	130
230	132	134	135	137	139	140	142	144	146	147
240	149	151	153	154	156	158	160	162	163	165
250	167	169	171	173	175	177	179	181	183	185
260	187	189	191	193	195	198	200	202	204	206
270	208	210	213	215	217	220	222	224	226	229
280	231	233	236	238	241	243	245	248	250	253
290	255	258	260	263	265	268	271	273	276	278
300	281	284	287	289	292	295	298	301	303	306
310	309	312	315	318	321	324	326	329	332	335
320	338	341	344	347	350	354	357	360	363	366
330	369	372	376	379	382	386	389	392	395	399
340	402	406	409	412	416	420	423	426	430	434
350	437									

OS Vatnamælingar		Forðalykill					vhm 954 lnr 1			
		Krókslón; Sigölduvirkjun								
Forði í Gl, vatnshæð í cm (kl. 24)		Lykill tók gildi : 1977.11.30								
Lykill gerður:		Lykill féll úr gildi:								
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9
47800	0,000	0,046	0,092	0,138	0,184	0,230	0,276	0,322	0,368	0,414
47810	0,460	0,506	0,552	0,598	0,644	0,690	0,736	0,782	0,828	0,874
47820	0,920	0,966	1,012	1,058	1,104	1,150	1,196	1,242	1,288	1,334
47830	1,380	1,426	1,472	1,518	1,564	1,610	1,656	1,702	1,748	1,794
47840	1,840	1,886	1,932	1,978	2,024	2,070	2,116	2,162	2,208	2,254
47850	2,300	2,348	2,396	2,444	2,492	2,540	2,588	2,636	2,684	2,732
47860	2,780	2,828	2,876	2,924	2,972	3,020	3,068	3,116	3,164	3,212
47870	3,260	3,308	3,356	3,404	3,452	3,500	3,548	3,596	3,644	3,692
47880	3,740	3,788	3,836	3,884	3,932	3,980	4,028	4,076	4,124	4,172
47890	4,220	4,268	4,316	4,364	4,412	4,460	4,508	4,556	4,604	4,652
47900	4,700	4,750	4,800	4,850	4,900	4,950	5,000	5,050	5,100	5,150
47910	5,200	5,250	5,300	5,350	5,400	5,450	5,500	5,550	5,600	5,650
47920	5,700	5,750	5,800	5,850	5,900	5,950	6,000	6,050	6,100	6,150
47930	6,200	6,250	6,300	6,350	6,400	6,450	6,500	6,550	6,600	6,650
47940	6,700	6,750	6,800	6,850	6,900	6,950	7,000	7,050	7,100	7,150
47950	7,200	7,220	7,240	7,260	7,280	7,300	7,320	7,340	7,360	7,380
47960	7,400	7,488	7,576	7,664	7,752	7,840	7,928	8,016	8,104	8,192
47970	8,280	8,334	8,388	8,442	8,496	8,550	8,604	8,658	8,712	8,766
47980	8,820	8,874	8,928	8,982	9,036	9,090	9,144	9,198	9,252	9,306
47990	9,360	9,414	9,468	9,522	9,576	9,630	9,684	9,738	9,792	9,846
48000	9,900	9,956	10,012	10,068	10,124	10,180	10,236	10,292	10,348	10,404
48010	10,460	10,516	10,572	10,628	10,684	10,740	10,796	10,852	10,908	10,964
48020	11,020	11,076	11,132	11,188	11,244	11,300	11,356	11,412	11,468	11,524
48030	11,580	11,636	11,692	11,748	11,804	11,860	11,916	11,972	12,028	12,084
48040	12,140	12,196	12,252	12,308	12,364	12,420	12,476	12,532	12,588	12,644
48050	12,700	12,760	12,820	12,880	12,940	13,000	13,060	13,120	13,180	13,240
48060	13,300	13,360	13,420	13,480	13,540	13,600	13,660	13,720	13,780	13,840
48070	13,900	13,960	14,020	14,080	14,140	14,200	14,260	14,320	14,380	14,440
48080	14,500	14,560	14,620	14,680	14,740	14,800	14,860	14,920	14,980	15,040
48090	15,100	15,160	15,220	15,280	15,340	15,400	15,460	15,520	15,580	15,640

OS Vatnamælingar		Forðalykill					vhm 954 lnr 1			
		Krókslón; Sigölduvirkjun								
Forði í Gl, vatnshæð í cm (kl. 24)						Lykill tók gildi : 1977.11.30				
Lykill gerður:						Lykill féll úr gildi:				
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9
48100	15,700	15,764	15,828	15,892	15,956	16,020	16,084	16,148	16,212	16,276
48110	16,340	16,404	16,468	16,532	16,596	16,660	16,724	16,788	16,852	16,916
48120	16,980	17,044	17,108	17,172	17,236	17,300	17,364	17,428	17,492	17,556
48130	17,620	17,684	17,748	17,812	17,876	17,940	18,004	18,068	18,132	18,196
48140	18,260	18,324	18,388	18,452	18,516	18,580	18,644	18,708	18,772	18,836
48150	18,900	18,966	19,032	19,098	19,164	19,230	19,296	19,362	19,428	19,494
48160	19,560	19,626	19,692	19,758	19,824	19,890	19,956	20,022	20,088	20,154
48170	20,220	20,286	20,352	20,418	20,484	20,550	20,616	20,682	20,748	20,814
48180	20,880	20,946	21,012	21,078	21,144	21,210	21,276	21,342	21,408	21,474
48190	21,540	21,606	21,672	21,738	21,804	21,870	21,936	22,002	22,068	22,134
48200	22,200	22,270	22,340	22,410	22,480	22,550	22,620	22,690	22,760	22,830
48210	22,900	22,970	23,040	23,110	23,180	23,250	23,320	23,390	23,460	23,530
48220	23,600	23,670	23,740	23,810	23,880	23,950	24,020	24,090	24,160	24,230
48230	24,300	24,370	24,440	24,510	24,580	24,650	24,720	24,790	24,860	24,930
48240	25,000	25,070	25,140	25,210	25,280	25,350	25,420	25,490	25,560	25,630
48250	25,700	25,772	25,844	25,916	25,988	26,060	26,132	26,204	26,276	26,348
48260	26,420	26,492	26,564	26,636	26,708	26,780	26,852	26,924	26,996	27,068
48270	27,140	27,212	27,284	27,356	27,428	27,500	27,572	27,644	27,716	27,788
48280	27,860	27,932	28,004	28,076	28,148	28,220	28,292	28,364	28,436	28,508
48290	28,580	28,652	28,724	28,796	28,868	28,940	29,012	29,084	29,156	29,228
48300	29,300	29,374	29,448	29,522	29,596	29,670	29,744	29,818	29,892	29,966
48310	30,040	30,114	30,188	30,262	30,336	30,410	30,484	30,558	30,632	30,706
48320	30,780	30,854	30,928	31,002	31,076	31,150	31,224	31,298	31,372	31,446
48330	31,520	31,594	31,668	31,742	31,816	31,890	31,964	32,038	32,112	32,186
48340	32,260	32,334	32,408	32,482	32,556	32,630	32,704	32,778	32,852	32,926
48350	33,000	33,076	33,152	33,228	33,304	33,380	33,456	33,532	33,608	33,684
48360	33,760	33,836	33,912	33,988	34,064	34,140	34,216	34,292	34,368	34,444
48370	34,520	34,596	34,672	34,748	34,824	34,900	34,976	35,052	35,128	35,204
48380	35,280	35,356	35,432	35,508	35,584	35,660	35,736	35,812	35,888	35,964
48390	36,040	36,116	36,192	36,268	36,344	36,420	36,496	36,572	36,648	36,724


OS Vatnamælingar		Forðalykill					vhm 954 lnr 1				
		Krókslón; Sigölduvirkjun									
Forði í Gl, vatnshæð í cm (kl. 24)							Lykill tók gildi : 1977.11.30				
Lykill gerður:							Lykill féll úr gildi:				
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
48400	36,800	36,880	36,960	37,040	37,120	37,200	37,280	37,360	37,440	37,520	
48410	37,600	37,680	37,760	37,840	37,920	38,000	38,080	38,160	38,240	38,320	
48420	38,400	38,480	38,560	38,640	38,720	38,800	38,880	38,960	39,040	39,120	
48430	39,200	39,280	39,360	39,440	39,520	39,600	39,680	39,760	39,840	39,920	
48440	40,000	40,080	40,160	40,240	40,320	40,400	40,480	40,560	40,640	40,720	
48450	40,800	40,884	40,968	41,052	41,136	41,220	41,304	41,388	41,472	41,556	
48460	41,640	41,724	41,808	41,892	41,976	42,060	42,144	42,228	42,312	42,396	
48470	42,480	42,564	42,648	42,732	42,816	42,900	42,984	43,068	43,152	43,236	
48480	43,320	43,404	43,488	43,572	43,656	43,740	43,824	43,908	43,992	44,076	
48490	44,160	44,244	44,328	44,412	44,496	44,580	44,664	44,748	44,832	44,916	
48500	45,000	45,080	45,160	45,240	45,320	45,400	45,480	45,560	45,640	45,720	
48510	45,801	45,881	45,961	46,041	46,121	46,201	46,281	46,361	46,441	46,521	
48520	46,602	46,682	46,762	46,842	46,922	47,002	47,082	47,162	47,242	47,322	
48530	47,402	47,482	47,562	47,642	47,722	47,802	47,882	47,962	48,042	48,122	
48540	48,203	48,283	48,363	48,443	48,523	48,603	48,683	48,763	48,843	48,923	
48550	49,004	49,084	49,164	49,244	49,324	49,404	49,484	49,564	49,644	49,724	
48560	49,805	49,885	49,965	50,045	50,125	50,205	50,285	50,365	50,445	50,525	
48570	50,605	50,685	50,765	50,845	50,925	51,005	51,085	51,165	51,245	51,325	
48580	51,406	51,486	51,566	51,646	51,726	51,806	51,886	51,966	52,046	52,126	
48590	52,207	52,286	52,365	52,444	52,524	52,603	52,682	52,762	52,841	52,920	
48600	53,000	53,090	53,180	53,270	53,360	53,450	53,540	53,630	53,720	53,810	
48610	53,901	53,991	54,081	54,171	54,261	54,351	54,441	54,531	54,621	54,711	
48620	54,802	54,892	54,982	55,072	55,162	55,252	55,342	55,432	55,522	55,612	
48630	55,703	55,793	55,883	55,973	56,063	56,153	56,243	56,333	56,423	56,513	
48640	56,604	56,694	56,784	56,874	56,964	57,054	57,144	57,234	57,324	57,414	
48650	57,504	57,594	57,684	57,774	57,864	57,954	58,044	58,134	58,224	58,314	
48660	58,405	58,495	58,585	58,675	58,765	58,855	58,945	59,035	59,125	59,215	
48670	59,306	59,396	59,486	59,576	59,666	59,756	59,846	59,936	60,026	60,116	
48680	60,207	60,297	60,387	60,477	60,567	60,657	60,747	60,837	60,927	61,017	
48690	61,108	61,197	61,286	61,375	61,464	61,554	61,643	61,732	61,821	61,910	

OS Vatnamælingar		Forðalykill									
		vhm 954 lnr 1									
		Krókslón; Sigölduvirkjun									
Forði í Gl, vatnshæð í cm (kl. 24)		Lykill tók gildi : 1977.11.30									
Lykill gerður:		Lykill féll úr gildi:									
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
48700	62,000	62,100	62,200	62,300	62,400	62,500	62,600	62,700	62,800	62,900	
48710	63,001	63,101	63,201	63,301	63,401	63,501	63,601	63,701	63,801	63,901	
48720	64,002	64,102	64,202	64,302	64,402	64,502	64,602	64,702	64,802	64,902	
48730	65,003	65,103	65,203	65,303	65,403	65,503	65,603	65,703	65,803	65,903	
48740	66,004	66,104	66,204	66,304	66,404	66,504	66,604	66,704	66,804	66,904	
48750	67,005	67,105	67,205	67,305	67,405	67,505	67,605	67,705	67,805	67,905	
48760	68,006	68,106	68,206	68,306	68,406	68,506	68,606	68,706	68,806	68,906	
48770	69,007	69,107	69,207	69,307	69,407	69,507	69,607	69,707	69,807	69,907	
48780	70,008	70,108	70,208	70,308	70,408	70,508	70,608	70,708	70,808	70,908	
48790	71,009	71,108	71,207	71,306	71,405	71,504	71,603	71,702	71,801	71,900	
48800	72,000	72,110	72,220	72,330	72,440	72,550	72,660	72,770	72,880	72,990	
48810	73,101	73,211	73,321	73,431	73,541	73,651	73,761	73,871	73,981	74,091	
48820	74,202	74,312	74,422	74,532	74,642	74,752	74,862	74,972	75,082	75,192	
48830	75,303	75,413	75,523	75,633	75,743	75,853	75,963	76,073	76,183	76,293	
48840	76,404	76,514	76,624	76,734	76,844	76,954	77,064	77,174	77,284	77,394	
48850	77,505	77,635	77,765	77,895	78,025	78,155	78,285	78,415	78,545	78,675	
48860	78,806	78,896	78,986	79,076	79,166	79,257	79,347	79,437	79,527	79,617	
48870	79,708	79,818	79,928	80,038	80,148	80,258	80,368	80,478	80,588	80,698	
48880	80,809	80,919	81,029	81,139	81,249	81,359	81,469	81,579	81,689	81,799	
48890	81,910	82,020	82,130	82,240	82,350	82,460	82,570	82,680	82,790	82,900	
48900	83,011	83,121	83,231	83,341	83,451	83,561	83,671	83,781	83,891	84,001	
48910	84,112	84,222	84,332	84,442	84,552	84,662	84,772	84,882	84,992	85,102	
48920	85,213	85,323	85,433	85,543	85,653	85,763	85,873	85,983	86,093	86,203	
48930	86,314	86,424	86,534	86,644	86,754	86,864	86,974	87,084	87,194	87,304	
48940	87,415	87,525	87,635	87,745	87,855	87,965	88,075	88,185	88,295	88,405	
48950	88,516	88,626	88,736	88,846	88,956	89,066	89,176	89,286	89,396	89,506	
48960	89,617	89,727	89,837	89,947	90,057	90,167	90,277	90,387	90,497	90,607	
48970	90,718	90,828	90,938	91,048	91,158	91,268	91,378	91,488	91,598	91,708	
48980	91,819	91,929	92,039	92,149	92,259	92,369	92,479	92,589	92,699	92,809	
48990	92,920	93,030	93,140	93,250	93,360	93,470	93,580	93,690	93,800	93,910	

OS Vatnamælingar		F o r ð a l y k i l l									vhm 954 lnr 1
		Krókslón; Sigölduvirkjun									
Forði í Gl, vatnshæð í cm (kl. 24)											Lykill tók gildi : 1977.11.30
Lykill gerður:											Lykill féll úr gildi:
cm	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	
49000	94,021	94,131	94,241	94,351	94,461	94,572	94,682	94,792	94,902	95,012	
49010	95,123	95,233	95,343	95,453	95,563	95,673	95,783	95,893	96,003	96,113	
49020	96,224	96,334	96,444	96,554	96,664	96,774	96,884	96,994	97,104	97,214	
49030	97,325	97,435	97,545	97,655	97,765	97,875	97,985	98,095	98,205	98,315	
49040	98,426	98,536	98,646	98,756	98,866	98,976	99,086	99,196	99,306	99,416	
49050	99,527	99,637	99,747	99,857	99,967	100,077	100,187	100,297	100,407	100,517	
49060	100,628	100,738	100,848	100,958	101,068	101,178	101,288	101,398	101,508	101,618	
49070	101,729	101,839	101,949	102,059	102,169	102,279	102,389	102,499	102,609	102,719	
49080	102,830	102,940	103,050	103,160	103,270	103,380	103,490	103,600	103,710	103,820	
49090	103,931	104,037	104,144	104,251	104,358	104,465	104,572	104,679	104,786	104,893	
49100	105,000	105,120	105,240	105,360	105,480	105,600	105,720	105,840	105,960	106,080	
49110	106,201	106,321	106,441	106,561	106,681	106,801	106,921	107,041	107,161	107,281	
49120	107,402	107,522	107,642	107,762	107,882	108,003	108,123	108,243	108,363	108,483	
49130	108,604	108,724	108,844	108,964	109,084	109,204	109,324	109,444	109,564	109,684	
49140	109,805	109,925	110,045	110,165	110,285	110,405	110,525	110,645	110,765	110,885	
49150	111,006	111,126	111,246	111,366	111,486	111,606	111,726	111,846	111,966	112,086	
49160	112,207	112,327	112,447	112,567	112,687	112,807	112,927	113,047	113,167	113,287	
49170	113,408	113,528	113,648	113,768	113,888	114,008	114,128	114,248	114,368	114,488	
49180	114,609	114,729	114,849	114,969	115,089	115,210	115,330	115,450	115,570	115,690	
49190	115,811	115,931	116,051	116,171	116,291	116,411	116,531	116,651	116,771	116,891	
